

Eru álver kannski menn?

Metnaður er mikill í Straumsvík og Guðrún Þóra nefnir sem dæmi að tekist hafi að útrýma klór úr framleiðslunni en hann þykir óæskilegur af mengunarástæðum.

Margir halda að álver sé frumstæð verksmiðja sem hafi lítið breyst í árána rás. Svo er alls ekki. Tækniframfarir hafa orðið miklar og í álveri Alcan í Straumsvík hefur orðið til mikil þekking, hugvit og kunnátta sem hefur leyst handaflíð af hólmi.

Margir halda að álver sé frumstæð verksmiðja sem hafi lítið breyst í árána rás. Svo er alls ekki. Tækniframfarir hafa orðið miklar og í álveri Alcan í Straumsvík hefur orðið til mikil þekking, hugvit og kunnátta sem hefur leyst handaflíð af hólmi. „Þetta er mjög fjölbreyttur vinnustaður, þverskurður af samfélaginu,“ segir starfsmaður Alcan en athygli vekur þegar fyrirtækið er sótt heim hversu samheldnin og umhyggjan fyrir vinnustaðnum er mikil. Starfsmenn tala nánast um álverið eins og gamlan, traustan vin. Í úttektinni sem hér fer á eftir beinir Morgunblaðið líka sjónum sínum að mengun frá álverum en verulega hefur dregið úr henni á undanförunum áratugum.

Þetta er eiginlega ekki eins og að byrja í nýrri vinnu, heldur miklu frekar eins og að flytja inn í lítið þorp. Samstaðan hér er alveg ótrúleg og andinn mjög góður,“ segir Lára María Harðardóttir sem hóf störf í álveri Alcan í Straumsvík sumarið 2006 en hefur verið þar í föstu starfi undanfarna tíu mánuði sem verkefnastjóri á tæknisviði.

Frá veginum fyrir ofan álverið blasa kerskálarnir við, mikil mannvirki, og fyrir vikið líta flestir Íslendingar væntanlega eingöngu á álverið sem verksmiðju. En starfsemin er mun fjölbreyttari en svo.

„Það er ekki bara almenningur, margir sem koma hingað í starfsviðtöl hleypa brúnum þegar þeir sjá að hér er ekki bara verksmiðja, heldur líka rannsóknarstofa, höfn, verkstæði og fjöldi sérfræðinga við hátæknistörf,“ segir Jakobína Jónsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Alcan á Íslandi, og Guðrún Þóra Magnúsdóttir, leiðtogi umhverfismála á þróunarsviði hjá fyrirtækinu, botnar mál hennar: „Þetta er mjög fjölbreyttur vinnustaður, þverskurður af samfélaginu.“

Byggir á háþróaðri tækni

Framleiðsla á áli í nútímalegu álveri byggist á háþróaðri tækni, öfugt við það sem margir halda. Allt framleiðsluferlið er tölvustýrt, tækjabúnaður er hátæknilegur og gerir ríkar kröfur til starfsmanna sem fylgjast með ferlinu og grípa inn í þegar þörf krefur. Álverið er þannig hátæknifyrirtæki og í raun gott dæmi um hvernig rótgrónir atvinnuvegir geta nýtt sér það besta sem tölvu- og tæknisamfélagið býður upp á til að auka afköst og gæði framleiðslunnar.

Á heimasíðu fyrirtækisins segir: „Almenn umræða um stóriðju undanfarin ár hefur einkennst af ranghugmyndum, bæði um málminn sjálfan og framleiðslu á honum. Þannig halda margir að álverið sé frumstæð verksmiðja sem hafi lítið breyst í árána rás en svo er alls ekki. Tækniframfarir hafa orðið miklar og í fyrirtækinu hefur orðið til mikil þekking, hugvit og kunnátta sem hefur leyst handaflíð af hólmi.“

Þar segir enn fremur að þessar staðreyndir hafi ráðið mestu um góðan árangur fyrirtækisins á ýmsum sviðum undanfarin ár. Auk góðs árangurs í umhverfis- og öryggismálum má nefna sífellt aukna framleiðslu sem í dag er 20% meiri en verksmiðjan er hönnuð til að framleiða. „Það gerist ekki af sjálfu sér og ekki án tækni- og verkþekkingar.“

Framleidd eru um 180 þúsund tonn af áli í verksmiðjunni á ári.

Metnaður er mikill í Straumsvík og Guðrún Þóra nefnir sem dæmi að tekist hafi að útrýma klór úr framleiðslunni en hann þykir óæskilegur af mengunarástæðum. „Eftir því sem ég kemst næst erum við með eina klórlausu steypuskálann sem er í framleiðslu á völsunarbörrum í heiminum í dag.“

Fólk með fjölbreytta menntun

Starfsmenn hjá Alcan á Íslandi eru um 450 talsins. Sérfræðingar, stjórnendur og millistjórnendur eru hátt í 70 og eru flestir þeirra með háskólamenntun. Flestir hafa menntun á sviði verkfræði og tæknifræði, en einnig eru í sérfræðingahópnum viðskiptafræðingar, vörustjórnunarfræðingar og fólk með háskólapróf í jarðefnafræði, eðlisfræði, tölvunarfræði, félagsfræði og sálfræði svo fleiri dæmi séu nefnd. Um 120 iðnaðarmenn starfa hjá Alcan í Straumsvík; bifvélavirkjar, vélvirkjar, rafvirkjar, kokkar, rafeindavirkjar, málalarar, múrarar o.fl. Hátt í 200 starfsmenn hafa lokið námi í Stóriðjuskólanum og rúmlega 100 manns eru ófaglærðir. Á sumrin bætast 120 afleysingastarfsmenn í hópinn.

Lítill starfsmannavelta er hjá fyrirtækinu, að sögn Jakobínu starfsmannastjóra, sem bendi ótvírætt til þess að fólki líki vinnustaðurinn. Starfsaldurinn er að meðaltali hár og vel á annað hundrað starfsmenn hafa náð 30 ára starfsaldri. Ákveðin kynslóðaskipti hafa þó orðið á undanförunum árum, þar sem margir frumkvöðlanna hafa látið af störfum og yngra fólk tekið við. Verksmiðjan tók til starfa árið 1969.

„Hér er mjög gott að vinna,“ segir Gylfi Ingvarsson aðaltrúnaðarmaður. Hann ætti að vita hvað hann syngur, hóf störf hjá Alcan árið 1972. „Ég er ekki einn um þá skoðun, hár starfsaldur almennt styður mál mitt,“ heldur hann áfram.

Starfsöryggi og mjög þökkaleg laun

Þegar Gylfi er beðinn að tilgreina helstu kosti þess að vinna hjá Alcan í Straumsvík nefnir hann strax mikið starfsöryggi, þá hafi laun verið mjög þökkaleg gegnum tíðina. „Kjarasamningar okkar eru víða notaðir sem viðmiðunarsamningar enda mörg framsækin atriði þar að finna. Nefni ég þar hlutastörf við 55 ára aldur, Stóriðjuskólann og að starfsmenn eiga kost á fari án endurgjalds með rútum sem aka um allt höfuðborgarsvæðið til og frá Straumsvík, þeim er lagður til vinnufatnaður og starfsmenn fá frítt fæði í vinnutímanum. Þá er desemberuppbótin vel yfir meðallagi, við fáum 212 þúsund kr. en á almennum markaði er greiðslan ríflega 68 þúsund kr. Síðast en ekki síst er minni launamunur hér en þekkest á almennum vinnumarkaði. Það skiptir ekki máli hvort karl eða kona vinnur starfið.“

Enda þótt meðalstarfsaldur sé hár og fagmennskan mikil segir Lára María einkennandi fyrir Alcan að ungu fólki sé virkilega treyst fyrir stórum og spennandi

verkefnum. Hefur hún tilfinningu fyrir því að fyrirtækið sé framarlega í þessum efnum, alltént ef marka má reynslu fólks á hennar aldri með sambærilega menntun. Þá segir Lára María það kost að vinnudagurinn sé frá átta til fjögur.

Metnaðarfullt fræðslustarf er lykilþáttur í starfsemi Alcan á Íslandi, að sögn Jakobínu, enda skilar fræðslan sér í hærra menntunarstigi starfsfólksins og eflir fyrirtækið á allan hátt. Fræðslustundir starfsmanna skipta tugum þúsunda á ári og ávinningurinn er sameiginleg eign starfsmannsins og fyrirtækisins og skapar verðmæti fyrir báða aðila.

Ásókn í Stóriðjuskólann

Í fræðslustarfinu ber Stóriðjuskólann hæst. Í honum er boðið upp á sérhæft tækninám í áliðnaði á tveimur stigum, grunn- og framhaldsnámi. Markmiðið er að efla fagþekkingu og öryggi starfsfólks, auka möguleika þess á að vinna sig upp innan fyrirtækisins og efla samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Jakobína segir mikla ásókn í skólann og komist færri að en vilja hverju sinni en námið tekur þrjár annir. Það fæst metið inn í hið almenna skólakerfi.

Að auki er boðið upp á margs konar fræðslu, t.d. þjálfun í tæknilegri færni starfsmanna á ýmsum sviðum, leiðtogaþjálfun, nýliðafræðslu, fræðslu um öryggis-, heilsu- og umhverfismál, mannleg samskipti og hópstarf. Hjá fyrirtækinu er til staðar fóstrakerfi sem auðveldar nýliðum að kynnast vinnustaðnum og þeim fjölmörgu og flóknu verkum sem þarf að vinna.

Stjórnendum og framtíðarleiðtogum er einnig boðið upp á markvissa símenntun og það nýjasta er svokölluð Black Belt og Green Belt þjálfun, sem byggist á aðferðafræðinni Lean Six Sigma. Jakobína segir að á þessu sviði sé Alcan í Straumsvík frumkvöðull á Íslandi en aðferðafræðin hafi notið vaxandi vinsælda erlendis upp á síðkastið.

Sterk öryggisvitund

Öryggismál eru stórmál í augum Alcan á Íslandi, enda ekkert mikilvægara en að starfsmenn komist heilir frá vinnu. „Sterk öryggisvitund hefur fest sig í sessi hjá okkar fólki og árangur þess á undanförunum árum er hreint út sagt frábær. Með jákvæðum viðhorfum og hópstarfi hefur tekist að gera öryggismál að órjúfanlegum hluta af öllum daglegum störfum. Markviss fræðsla, áhættugreiningar og mælingar á árangursvísnum eru stöðugt í endurskoðun og náði samstarf við systurfyrirtæki okkar erlendis veitir okkur mikilvægan stuðning. Innan samsteypunnar er unnið eftir sameiginlegri aðferðafræði sem kallast EHS FIRST, en hún snýst um að setja ávallt umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismál í öndvegi,“ segir á heimasíðu fyrirtækisins og Jakobína bætir við að Alcan á Íslandi sé, samkvæmt úttektum Alcan, á hæsta stigi sem þekkist í áliðnaðinum í heiminum.

Hún segir fyrirtækið um árabíl hafa verið í fararbroddi á sviði öryggismála á Íslandi og starfsfólkið unnið mikið frumkvöðlastarf. Það geri miklar kröfur til sjálfs sín og hvað til annars, verktaka sem starfa á svæðinu og líði ekki brot á öryggisreglum. „Árangur undanfarin ár sýnir svart á hvítu hve samtakamátturinn er mikill þegar allir leggjast á eitt,“ segir Jakobína.

Guðrún Þóra segir starfsmenn almennt upplifa þetta með þessum hætti. Öryggismenningin hjá fyrirtækinu sé mjög sterk og smiti allt hið daglega líf starfsmanna. „Það eflir öryggisvitundina að starfa hér.“

Slökkvilið og viðbragðstreymi

Jakobína hefur reynt þetta á eigin skinni. „Ég var einu sinni stödd úti í steypuskála þegar starfsmaður vatt sér að mér og sagði: „Fyrirgefðu, þú ert í nælonsokkum.“ Ég áttaði mig á mistökunum, ég átti vitaskuld að vera í öryggissokkum, og hljóp strax út.“

Slökkvilið og viðbragðstreymi er starfrækt í Straumsvík. „Það eru líklega ekki mörg fyrirtæki á landinu með þá þjónustu,“ segir Jakobína. Ekki er um eiginlega slökkviliðsmenn að ræða, heldur starfsmenn Alcan sem hlotið hafa þjálfun á þessu sviði. Þeir koma reglulega saman til æfinga til að halda sér við. „Það er óskandi að við þurfum sem sjaldnast á þessari þekkingu að halda en komi eitthvað upp á eykur þetta á öryggið,“ segir Jakobína.

Heilsumál eru líka ofarlega á baugi í Straumsvík og allir starfsmenn álversins fara reglulega í læknisskoðun sér að kostnaðarlausu. „Það er gríðarlega mikilvægt að fylgjast vel með heilsu starfsmanna,“ segir Jakobína.

Reykingar munu seint teljast heppilegar fyrir heilsuna og Gylfi segir þær hafa verið teknar föstum tókum löngu áður en almennt var farið að ræða um að banna þær á vinnustöðum. „Fyrir mörgum árum kom fram tillaga frá starfsmönnum um að banna reykingar í matsal. Hún var samþykkt í atkvæðagreiðslu. Það áttu einhverjir tveir eða þrjú reykingamenn erfitt uppdráttar í nokkra daga á eftir en síðan var það mál úr sögunni.“

Í dag eru reykingar bannaðar á öllu vinnusvæðinu.

Hjólað kringum jörðina

Undanfarin fjögur ár hefur Alcan tekið þátt í átaki ÍSÍ, Hjólað í vinnuna, og ávallt farið með sigur af hólmi. „Starfsmenn Alcan á Íslandi hjóluðu næstum því kringum jörðina í fyrra,“ segir Jakobína en yfir 70% tóku þátt í áttakinu. „Það er geysileg keppni innan fyrirtækisins.“

Samt er álverið ekki beinlínis miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. „Fólk lætur það ekki á sig fá,“ segir Guðrún Þóra sem hjólar daglega úr Grafarvoginum meðan á áttakinu stendur. Það tekur hana um klukkustund – hvora leið.

Í því sambandi bendir Gylfi á að yfirskrift áttaksins gæti verið nákvæmari. „Það er bara talað um að hjóla í vinnuna. Er ekki gert ráð fyrir því að starfsmenn fari heim aftur?“ segir hann sposkur á svip.

Guðrún Þóra kveðst hafa veitt því athygli þegar hún hóf störf í Straumsvík fyrir þrettán árum að gríðarlega mikið er um mælingar á vinnusvæðinu. Má þar nefna mælingar á útblæstri, ryki og hávaða. „Við kostum kapps um að hafa umhverfið eins gott og hægt er,“ segir Jakobína.

Alcan sér sjálf um mælingarnar og er með vottað kerfi en úttektaraðilar koma reglulega til að skoða hvort ekki sé allt með felldu. Gylfi og Guðrún Þóra segja mjög gott samstarf milli starfsmanna, stjórnenda og eftirlitsaðila. „Umbætur hér eru stöðugar og allir taka þátt í þeim verkefnum,“ segir Guðrún Þóra.

Nýtur ekki alltaf sannmælis

Af máli fjórmenninganna má ráða að Alcan leggur sig í líma til að tryggja öryggi og velferð starfsfólks síns. Eigi að síður er ímynd fyrirtækisins ekki alltaf jákvæð út á við. Fjórmenningarnir taka undir það og segja ýmsum þáttum um að kenna. „Við erum auðvitað að selja okkar vöru úr landi og höfum fyrir vikið kannski ekki verið nógu dugleg að byggja upp ímynd okkar hér innanlands. Alcan hefur styrkt menningar- og íþróttastarfsemi um árabil án þess að fólk hafi endilega orðið vart við það. Kannski þarf fyrirtækið að vera sýnilegra út á við?“ segir Jakobína.

Guðrún Þóra segir Alcan hluta af samfélaginu hér á landi og vilji vera í sátt við það. „Það hefur samt ekki alltaf tekist. Því miður. Okkur sárnar það enda lítum við svo á að við séum í fremstu röð á ýmsum sviðum og getum um margt verið öðrum fyrirtækjum fyrirmynd.“

Gylfi segir viðhorf fólks til álversins oft og tíðum byggjast á misskilningi og vanþekkingu. „Maður hefur gegnum árin heyrt í alþingismönnum og öðrum framámönnum í þjóðfélaginu sem hafa ekki hugmynd um út á hvað starfsemin gengur hérna. Það er ekki nema von að almenningur átti sig illa á því. Síðan hafa aðilar sem eru á móti stórum fyrirtækjum og umhverfissinnar alið á ranghugmyndum um fyrirtækið.“

Neikvæðir straumar kringum kosninguna um stækkun

Þau segjast sérstaklega hafa fundið fyrir neikvæðum straumum fyrir kosninguna um stækkun álversins. „Það er mjög óvenjulegt að kosið sé um það hvort fyrirtæki megi þróast og starfsfólk var sett í mjög sérstaka aðstöðu,“ segir Jakobína.

Gylfi tekur upp þráðinn: „Það var eins og maður væri ekki lengur gjaldgengur í þjóðfélagsumræðunni vegna þess að maður vinnur hérna og það var erfitt að horfa upp á aðila sem höfðu annarra hagsmuna að gæta vinna gegn okkur í þessu máli.“

Starfsmenn létu ekki sitt eftir liggja í baráttunni fyrir stækkun, skrifuðu af eigin frumkvæði blaðagreinar og héldu úti síðum á netinu. „Það kom vel í ljós við þessar erfiðu aðstæður hvað það býr mikill kraftur í þessu fyrirtæki. Þetta undirstrikar hvað hér vinnur sterkur og samheldinn hópur sem þykir vænt um sinn vinnustað,“ segir Guðrún Þóra.

Hafnfirðingar höfnuðu sem kunnugt er stækkun álversins í kosningunni og Jakobína viðurkennir að hún hafi fyrst á eftir haft áhyggjur af því að erfiðara yrði að ráða fólk til starfa í kjölfarið. Sá ótti reyndist ástæðulaus.

„Skömmu eftir kosninguna kom ungur verkfræðingur til mín að sækja um vinnu. Þegar ég spurði hann hvers vegna hann langaði að vinna hjá Alcan svaraði hann hátt og snjallt: „Álið er framtíðin!““

Þarf frekari vitna við?

Eftir Orra Pál Ormarsson orri@mbl.is